




K A D E C O
Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar

Reykjanes árið 2020

Ólíkar sviðsmyndir um framtíð Reykjaness og nágrennis þess árið 2020

Maí 2008



Umsjón sviðmyndavinnu

Netspor ehf.

2007-2008

Efnisyfirlit

Um aðdraganda verkefnisins.....	3
Vinnuaðferð og framkvæmd	3
Hvað eru sviðsmyndir	4
Hvað eru sviðsmyndir?	4
Hvers vegna notum við sviðsmyndir?.....	4
Hvernig tengjast sviðsmyndir stefnumótun?	4
Hvaða kröfur gerum við til sviðsmynda?	5
Drifkraftar og þróun svæðisins	6
Mikilvægar spurningar sem sviðsmyndirnar þurfa að fjalla um	6
Mikilvægir drifkraftar	7
Sviðsmyndir um framtíð flugvallasvæðisins og nærsamfélagsins á Reykjanesi árið 2020.	13
Samanburðartafla.....	31
Myndun og starfsemi klasa	33

Um aðdraganda verkefnisins

Sviðsmyndaverkefni þetta er unnið fyrir Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar (KADECO). Verkefninu er ætlað að draga fram mögulegar sviðsmyndir af framtíð flugvallasvæðisins og nærsamfélagsins árið 2020. Þessum sviðsmyndum er svo ætlað að nýtast við frekari skipulagningu og stefnumótun fyrir svæðið. Má þar sem dæmi nefna liði eins og mögulegar klasamyndanir og hvernig atvinnustarfsemi verði boðin velkomin á svæðið. Lykilatriði er að opna augu allra sem að málum koma fyrir því að framtíðin býr yfir margvíslegum tækifærum og umfram allt að þjóðfélagið sé að taka stöðugum breytingum. Í þeirri miklu uppbyggingarvinnu sem er í gangi á svæðinu skiptir miklu máli að allir hagsmunaaðilar geri sér grein fyrir því hvaða möguleikar eru fyrir hendi á komandi árum og eins hvar helstu ógnanir liggja.

Það er ósk Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar að sem flestir lesendur þessa heftis geti nýtt sér sviðsmyndirnar til að horfa til framtíðar og jafnframt kveiki þær skilning á þeim drifkröftum sem drifi áfram samfélagsbreytingar, þannig að teikn um þær komi síður á óvart en ella.

Vinnuaðferð og framkvæmd

Við framkvæmd vinnunnar var leitast við að fá fram skoðanir fjölbreytts hóps aðila enda komu tæplega 30 manns að vinnunni. Verkefnisstjórn var skipuð þeim Kjartani Eiríkssyni, Pálmari Guðmundssyni og Gunnlaugi Sigurjónssyni. Framkvæmd og umsjón sviðsmyndavinnunnar var í höndum Netspors ehf. og sáu þeir Eiríkur Ingólfsson, Karl Friðriksson og Sævar Kristinsson um þann hluta.

Við skilgreiningu verkefnisins var ákveðið að velta upp framtíðarþróun svæðisins til ársins 2020 frá sem flestum sjónarhornum. Markmiðið var að gera mismunandi lýsingar á hugsanlegri þróun sem hægt væri að hafa til hliðsjónar við framtíðarskipulag og þróun svæðisins.

Vinnuferlið fólst í vinnufundum, vefkönnunum og viðtölum sem tekin voru við ýmsa aðila sem tengjast svæðinu með einum eða öðrum hætti. Sérstök áhersla var lögð á greiningu drifkrafta og flokkun þeirra eftir óvissu og mikilvægi.

Hvað eru sviðsmyndir

Hvað eru sviðsmyndir?

Sviðsmyndaaðferðin byggist á því að finna mikilvægustu óvissuþættina í starfs- eða rekstrarumhverfi skipulagseiningar (félags, fyrirtækis, stofnunar, sveitarfélags, landshluta, atvinnugreinar, klasa o.s.frv.) og skoða hvernig framtíðin gæti litið út, ef nokkrir þessara þátta þróuðust samtímis mjög langt í mismunandi áttir.

Síðan eru búnar til nokkrar mismunandi lýsingar á hugsanlegu framtíðarástandi og loks skoðað hvaða atburðarás gæti leitt til þessarar þróunar.

Með því að búa til hugsanlega atburðarás er sýnt hver þróunin í hverri sviðsmynd gæti orðið og varpað þannig ljósi á það hvaða ákvarðanir þarf að taka í náinni framtíð og hvaða afleiðingar þær geti haft. Í vinnuferlinu koma oft upp hugmyndir að hugsanlegum "óvæntum atburðum" og við skoðum hvernig þeir gætu breytt hugsanlegri atburðarás og þróun.

Hvers vegna notum við sviðsmyndir?

Sviðsmyndir henta vel til að ná fram sameiginlegum skilningi ólíkra aðila á framtíðinni og gefur þeim sameiginlegt "huglægt landakort". Gegnum skapandi vinnuferli verður til ný þekking og nýjar hugmyndir sem auðvelt er að miðla til stærri hóps gegnum myndrænar lýsingar sviðsmyndanna.

Sviðsmyndirnar eru góður bakgrunnur fyrir mat á stefnu og stefnumótandi ákvörðunum. Hægt er að skoða hugsanlegar afleiðingar miðað við margar breytilegar forsendur. Einnig er hægt að bera saman hvaða áhrif ólíkir valkostir hafa við mismunandi framtíðarástand. Þannig má sjá hvaða stefna er best fallin til að mæta óvissri framtíð og hvaða ákvarðanir fela í sér mesta áhættu ef þróunin verður með öðrum hætti en menn "veðja á".

Aðferðin hentar vel til að setja saman bæði tölulegar upplýsingar og huglægt mat í heildstæðar myndir. Með því að skoða umhverfið á kerfisbundinn hátt fá menn nýja yfirsýn. Sviðsmyndirnar gefa þáttunum samhengi og bakgrunn en eru samt sem áður opnar fyrir túlkun og skapandi hugsun.

Með því að skyggjast inn í framtíðina geta allir aðilar betur áttað sig á því hvaða þættir í rekstrarumhverfinu skipta mestu máli til lengri tíma litið og komið sér upp kerfi til að fylgjast með breytingum á þeim. Sviðsmyndirnar hjálpa okkur að skoða hvað gæti gerst og þannig er líklegt að menn geti séð tækifæri eða ógnanir sem þeir sáu ekki fyrir áður.

Hvernig tengjast sviðsmyndir stefnumótun?

Með því að skoða ógnanir og tækifæri út frá fleiri hugsanlegum framtíðarmyndum en bara einni, sjáum við fleiri möguleika en ella og komum gjarnan auga á hluti sem okkur hafði yfirsést áður. Með því að setja starfsemina inn í mismunandi starfsumhverfi í framtíðinni, sjáum við hvernig hún getur þróast á ólíkan hátt. Þannig fáum við betri skilning á því hvaða kostum við stöndum frammi fyrir.

Það að skoða og skilja framtíðina er ekki verkefni sem unnið er í eitt skipti fyrir öll. Sviðsmyndirnar efla og styðja við viðvarandi og sameiginlega umfjöllun um framtíðina og efla stöðuga og jákvæða þróun í stefnumótunarumræðu.

Hvaða kröfur gerum við til sviðsmynda?

Til þess að sviðsmyndirnar nýtist sem best við stefnumótunina og umræðu um framtíðina þurfa þær að uppfylla nokkur skilyrði. Sviðsmyndirnar þurfa að vera:

- ♦ **Viðeigandi** – það þýðir að sviðsmyndirnar þurfa að vera í tengslum við umræðu dagsins í dag og tengjast þeim málefnum sem eru efst á baugi.
- ♦ **Samkvæmar** – sviðsmyndirnar þurfa að vera samkvæmar sjálfum sér og fylgja rökrænni uppbyggingu og framvindu.
- ♦ **Sennilegar** – þótt við beitem sköpunargáfunni til hins ítrasta, mega sviðsmyndirnar ekki fara út fyrir mörk þess sem telja verður mögulegt. Það þarf að vera hægt að sjá fyrir sér að þetta gæti gerst þótt sögurnar þurfi líka að koma á óvart.
- ♦ **Mikilvægar** – sviðsmyndirnar þurfa að fjalla um þau úrlausnarefni sem brenna á viðkomandi stofnun eða fyrirtæki.
- ♦ **Skýrar** – það þarf að vera auðvelt að skilja kjarnann í hverri sviðsmynd og greina myndirnar frá hver annarri. Jafnframt þurfa þær að vera ögrandi og hvetja til umræðu og skoðanaskipta.

Sviðsmyndirnar byggjast oft á því að koma auga á mikilvægar samfélagsbreytingar sem gætu verið í uppsiglingu. Við getum séð teikn á lofti um breytinguna þótt hún sé ekki komin af stað fyrir alvöru. Með því að lýsa þessum breytingum sem þróun, sem gengið hefur mjög langt, koma sviðsmyndirnar á óvart.

Það er ekki nauðsynlegt að allar sögurnar byggist á róttækum samfélagsbreytingum, stundum geta hugsanlegar afleiðingar þess að framlengja þróun liðinna ára, t.d. 10-20 ár fram í tímann, komið jafn mikið á óvart.

Sviðsmyndirnar eru ekki stefna, spá, áætlun eða framreikningur. Þær eru heldur ekki framtíðarsýn þótt það megi nota þær til að móta slíka sýn. Við veljum ekki eina mynd til að "trúa á" (þótt okkur kunni að líka betur við eina myndina en aðra við fyrstu sýn), heldur búum við til nokkrar myndir sem allar eru nokkurn veginn jafn líklegar. Allar myndirnar þurfa að gefa sem "hlutlausasta" mynd, þ.e. við gerum ekki eina jákvæða og aðra neikvæða mynd. Við skulum hafa í huga að það sem einum finnst ógnun getur öðrum fundist vera tækifæri.

Sögurnar ber að skoða sem eina heild, eins og horft sé á viðfangsefnið gegnum mismunandi gleraugu, eða frá mismunandi hliðum. Engin ein saga mun rætast fyllilega, framtíðin verður einhver blanda af öllum sögunum. Hvernig sú blanda verður getur meðal annars ráðist af þeirri stefnumótun sem kemur í kjölfar sviðsmyndavinnunnar.

Sviðsmyndirnar eru ekki stefna, spá, áætlun eða framreikningur. Þær eru heldur ekki framtíðarsýn þótt það megi nota þær til að móta slíka sýn.

Drifkraftar og þróun svæðisins

Mikilvægar spurningar sem sviðsmyndirnar þurfa að fjalla um

Greiningarvinnan, meðal annars gegnum viðtöl og vinnufundi, leiddi í ljós margar mikilvægar spurningar um framtíðina á þessu svæði. Þær helstu má draga saman í eftirfarandi yfirskriftum:

Þarfir og staða flugvallarins

- ◆ Hverjar eru þarfir flugvallar er varðar þjónustubyggingar fyrir flugrekstur? Hverjar eru þarfir almennings sem fer um alþjóðlegan flugvöll? Hverjar eru þarfir flugvallarsvæðisins er varðar landrými undir flugbrautir?
- ◆ Verður flugvöllurinn samnefnari fyrir samgöngur eða “dynamískt” samfélag?

Afstaða ríkisvaldsins

- ◆ Gera ráðamenn sér grein fyrir mikilvægi flugvallarins?
- ◆ Verður frumkvæði þróunar alfarið í höndum heimamanna eða hefur ríkisvaldið enn mikil áhrif þar á?
- ◆ Mun ríkisstjórnin styðja við bakið á uppbyggingunni?
- ◆ Er vilji fyrir hendi til þess að tengja flugvöllinn, nýsköpun, menntun og rannsóknir saman?

Samstarf sveitarfélaga á svæðinu

- ◆ Verður stjórnsýslan samræmd?
- ◆ Verður búið að sameina bæjarfélögin á svæðinu?
- ◆ Mun allt svæðið verða skipulagt sem ein heild undir einni stjórn?
- ◆ Verða sveitarfélög og atvinnulíf samstíga í menningar- og framfarasókn?

Íbúabróun og samfélag

- ◆ Munum við geta mannað öll ný störf á svæðinu án þess að skaða þá starfsemi sem fyrir er?
- ◆ Munu ný störf á svæðinu hækka meðallaun þess?
- ◆ Mun vöxtur íbúafjölda á Reykjanesi verða meiri en á öðrum stöðum á Íslandi?
- ◆ Hvernig verður íbúasamsetning svæðisins m.t.t. fjölda, þjóðernis og aldursskiptingar?
- ◆ Tekst okkur að gera samfélagið (á flugvöllinum) nægjanlega stórt til að halda úti “Lúxus samfélagsþjónustu” s.s. kaffihúsum, veitingastöðum, heilsurækt og heilsuvernd?
- ◆ Tekst okkur að byggja brú milli „nýja“ samfélagsins og núverandi byggðar, þ.e. að fólk og fjölskyldur vilji búa hér áfram og þróast úr sérhæfðu samfélagi yfir í almennt samfélag á Reykjanesi?
- ◆ Mun heilbrigðisþjónusta sinna meira en 80% af þörfum íbúa (nærþjónusta)?

Menntun, rannsóknir og nýsköpun

- ◆ Munu ný störf á svæðinu krefjast menntaðs vinnuafls?
- ◆ Er áhugi fyrir því að tengja saman HS/jarðhita á svæðinu, nýsköpun, menntun og rannsóknir?
- ◆ Getur svæðið einbeitt sér með vaxandi þekkingarsamfélagi að því að tengja saman ólíka menningarheima (byggt á viðskiptum, menntun, friðarboðskap, grænni orku og ólíkri menningu yfirleitt)?
- ◆ Verður þekking undirstaða starfsemi á svæðinu?
- ◆ Tekst okkur að búa til „jákvætt“ alþjóðasamfélag með mismunandi áherslum – nýsköpun, þekkingu, námi og rannsóknum?
- ◆ Verður svæðið aðlaðandi fyrir fjárfestingar?

Sérhæfing

- ◆ Þarf svæðið ekki að sérhæfa sig sérstaklega á einu sviði (vitt hugtak)?
- ◆ Getur svæðið orðið miðstöð á heimsvísu á slíku sviði?
- ◆ Getur flugvöllurinn orðið miðstöð milli þriggja heimsálfa (Asíu, Evrópu, USA)? Verður svæðið tengipunktur fyrir þrjár heimsálfur?

Umhverfismál

- ◆ Hafa umhverfismál áhrif á framvindu/uppbýggingu á svæðinu?
- ◆ Verður svæðið heimsfyrirmynd í umhverfismálum?

Annað

- ◆ Göngum við í Evrópusambandið og hvað myndi það þýða?
- ◆ Verða samgöngur og samkeppnisaðstaða með besta móti?

Það er mikilvægt að sviðsmyndirnar fjalli um þessa þætti út frá mismunandi hliðum og hvaða afleiðingar ólík svör við þeim geta haft.

Mikilvægir drifkraftar

Á fyrsta vinnufundi þessa verkefnis sem haldinn var 1. nóvember 2007 var unnið með greiningu á mikilvægum drifkröftum fyrir þróun flugvallarsvæðisins og atvinnuuppbyggingu í framtíðinni. Eftirfarandi þættir voru taldir þar upp:

Sameining/samstarf stjórnsýslu og sveitarfélaga á svæðinu

Samstarf sveitarfélaganna var nefnt sem mjög mikilvægur áhrifaþáttur varðandi uppbyggingu svæðisins. Samstarf sveitarfélaganna eflir samkeppnisstöðu og styrk svæðisins. Samstarfið hefur verið gott en einstaka mál geta þó komið í veg fyrir að samstaða náist. Á sama hátt og samstaða sveitarfélaganna eflir möguleika fyrir þróun flugvallarsvæðisins getur skortur á samstöðu dregið verulega úr möguleikunum.

Framboð og eftirspurn eftir orku og þróun í nýjum orkugjöfum

Orkuverð getur haft margvísleg áhrif á þróun svæðisins. Hátt olíuverð bitnar á flugsamgöngum og getur þannig dregið úr bæði vöruflutningum og farþegaflutningum um flugvöllinn. Góður aðgangur að grænni orku á svæðinu laðar að stórfyrirtæki. Flestar spár benda til þess að orkunotkun í heiminum muni aukast verulega á næstu árum og að þeirri eftirspurn verði að mestu mætt með olíu og kolum.

Hér spila líka inn í ákvarðanir stjórnvalda í virkjana- og orkumálum, verndunarsjónarmið og þróun í öðrum orkugjöfum en olíu og kolum. Til lengri tíma litið er allt sem bendir til þess að staða grænnar orku muni stöðugt styrkjast.

Alþjóðavæðing

Heimurinn verður stöðugt minni og samskipti milli landa aukast að sama skapi. En þessi þróun hefur margar hliðar:

Vægi landsvæða (e. regions) eykst á kostnað þjóðríkja

Þessi þróun hefur verið mjög greinileg, ekki hvað síst í Evrópu. Lögð hefur verið áhersla á að byggja upp sterk landsvæði, m.a. með klasasamstarfi í atvinnulífi og tækniþróun. Þannig hefur þéttbýlis-myndunin haldið áfram og sjálfstæði landshluta og sveitarfélaga vaxið. Þetta hefur m.a. leitt til þess að mörg stórfyrirtæki leita beint til ákveðinna landsvæða eða sveitarfélaga, t.d. varðandi staðsetningu á nýrri starfsemi. Það sem ýtir fyrst og fremst undir þessa þróun (í Evrópu) er:

- ◆ Afnáam landamæra
- ◆ Sameiginlegur gjaldmiðill
- ◆ Frjálst flæði upplýsinga og betri aðgangur að þeim
- ◆ Bættar samgöngur og grunngerð

Ný heimsmynd

Efnahagslegur vöxtur í Kína, Indlandi og Brasilíu hefur mikil áhrif á heimsviðskipti og markaði og við skulum ekki gleyma Rússlandi sem hefur losnað úr erlendum skuldum. Þetta skapar mörg ný tækifæri en hefur líka ákveðnar ógnanir í för með sér, ekki síst í umhverfismálum. Það er ekki bara aukin raforkuframleiðsla (með kolum) sem veldur áhyggjum, aukin bílanotkun Kínverja er þegar orðið alvarlegt umhverfisvandamál.

Þessi þróun er kannski bara rétt að byrja. Það er til dæmis spurning hversu langt er þangað til Shanghai tekur við því hlutverki sem New York hefur í heimsviðskiptunum í dag og hvernig það mun hafa áhrif á efnahagsmál og stjórnmál í heiminum.

Fjölmenningsarsamfélag


Aukið streymi vinnuafls milli þjóða hefur sett sitt mark á íslenskt samfélag á undanförunum árum líkt og í nágrannalöndum okkar. Á síðustu þremur árum hafa aðfluttir erlendir ríkisborgarar til Íslands (umfram brottflutta) verið fleiri en allir íbúar Reykjanesbæjar. Mikill innflutningur á vinnuafli, sérstaklega frá Austur-Evrópulöndum, hefur breytt samfélaginu á ýmsan hátt. Þessi þróun hefur verið studd af miklum verklegum framkvæmdum á Íslandi og efnahagsvexti. Nú er hins vegar farið að bera á því í nágrannalöndum okkar að þessi sveifla er að hægjast verulega. Bættur efnahagur í þeim löndum sem hingað til hafa flutt út vinnuafl, skapar fleiri og fleiri störf heima fyrir og laun fara hækkandi í þessum löndum. Það er því ekki ólíklegt að nokkuð af þessum innflutningi muni ganga til baka á næstu árum og að erfiðara verði að sækja viðbótarvinnuafl til þessara landa í framtíðinni. Það er hins vegar vert að spyrja sig hvort sú staða geti komið upp að nauðsynlegt verði að flytja inn vinnuafl frá ennþá fjarlægari löndum í framtíðinni?

Þeir sem flytja til annars lands mæta oft framandi samfélagi, tungumálið getir verið erfið hindrun en venjur og siðir eru líka mismunandi milli landa. Þetta getur skapað erfiðleika (bæði fyrir “gesti og gestgjafa”) en skapar líka nýja möguleika fyrir báða aðila.

Þróun samgangna og ferðamennsku

Þróun í samgöngumálum (bæði flug- og skipaumferð) hefur mikil áhrif á þróun svæðisins. Veðurfarsbreytingar kunna að opna möguleika á nýjum siglingaleiðum en margir þættir geta orðið til þess að draga úr samgöngum, eða auka þær. Það er líka rétt að hafa í huga þróun samgangna innanlands, bæði flugvallarmál á höfuðborgarsvæðinu, uppbyggingu samgöngukerfisins og ef til vill nýjar lausnir í almenningssamgöngum. Myndin sýnir fjölgun ferðamanna til Íslands á undanförunum árum.

Ferðamönnum hefur fjölgað mjög á Íslandi á þessu tímabili og ekki sér fyrir endann á þeirri aukningu. Samkvæmt spá World Tourism Organisation mun fjöldi ferðamanna



á heimsvísu meira en tvöfaldast fram til 2020 og verulegur hluti þessarar aukningar verður í Evrópu. Tilkoma og vöxtur lágfargjaldaflugfélaga er sá þáttur sem hefur haft mest áhrif á þessa þróun hingað til.

Ótti við hryðjuverk og faraldssjúkdóma

Hinar stórauðni samgöngur í heiminum hafa aukið líkurnar á því að sjúkdómar berist hratt milli landa. Tilfelli af dýrasjúkdómum í einstökum löndum vekja upp viðbrögð um allan heim. Óttinn við hryðjuverk hefur líka aukist verulega í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september 2001. Þetta hefur kallað á aukið eftirlit af ýmsu tagi bæði í einstökum löndum og í samstarfi fleiri ríkja. Þessir þættir, ótti við sjúkdóma og hryðjuverk, hafa líka áhrif á ferðamennsku bæði almennt (ópægingi við leit í farangri og aðgangstakmarkanir) og í einstökum löndum.

Alþjóðasamningar – alþjóðasamtök

Alþjóðasamningar og aðild að alþjóðasamtökum er einnig angi af þessari þróun. Almennt má gera ráð fyrir að samningar séu gerðir til þess að hafa jákvæð áhrif á samfélagið og þar með talið atvinnuuppbyggingu og tækifæri til nýsköpunar. Sem dæmi má nefna loftferðasamninga. Hitt getur líka gerst að slíkir samningar hafi takmarkandi áhrif t.d. samningar um vernd stofna eða takmarkanir á mengun. Þetta getur haft hamlandi áhrif, a.m.k. til skemmri tíma, en oft spretta líka nýir möguleikar upp í kjölfarið.

Umhverfismál og veðurfarsbreytingar

Þessir þættir munu hafa margvísleg áhrif á mótun heimsins á næstu áratugum. Hlýnun hafsins hefur áhrif á lífríki sjávar og þar með talið fiskveiðar. Hlýnandi loftslag mun líka hafa áhrif á gróður og

dýralíf. Hækkun sjávarborðs gæti valdið töluverðum skaða vegna aukinnar tíðni sjávarflóða og skemmda sem þau gætu valdið á höfnum, vegum og öðrum mannvirkjum.

Í tengslum við norrænt rannsóknarverkefni um loftslagsbreytingar og orkuvinnslu var reynt að meta hvaða áhrif hugsanleg hlýnun kynni að hafa á vatnsbúskap og raforkuvinnslu á Íslandi. Talið var að áhrifin yrðu einkum þau að möguleikar til raforkuframleiðslu myndu aukast vegna bráðnunar jökla og aukins rennslis í jökulám.

Efnahagur, gengismál og vextir

Þessir þættir hafa áhrif á eftirspurn og samkeppnisstöðu. Skilyrði til rekstrar og áhugi á fjárfestingum ráðast að miklu leyti af efnahagsástandinu til lengri tíma litið. Stöðugleiki í vaxta- og gengismálum hvetur til fjárfestingar og nýsköpunar. Gjaldmiðillinn (króna/evra) skiptir líka máli ekki síst fyrir alþjóðlega fjárfesta og íslensk fyrirtæki á alþjóðamarkaði sem sækja í ríkari mæli í evruna. Aðgengi að fjármagni hefur mikil áhrif á uppbyggingu á svæðinu. Þættir sem hafa hvetjandi áhrif á uppbygginguna á flugvallarsvæðinu á næstu árum eru áframhaldandi hagvöxtur, lækkandi vextir og stöðugt gengi.

Skattar og tollar

Skattaumhverfið hefur að sama skapi mikil áhrif á starfsskilyrði fyrirtækja. Lágir skattar hafa hvetjandi áhrif á markaðinn og laða að erlenda fjárfestingu og fyrirtæki. Á móti vegur að lækkun skatta getur einnig aukið þenslu í efnahagslífinu. Mikilvægt er að hér sé gætt jafnvægis. Einfalt skattkerfi og reglur sem eru sambærilegar og í nágrannalöndum/samkeppnislöndum okkar auka samkeppnishæfnina á sama hátt og flóknar reglur draga úr hæfninni. Tollar draga úr alþjóðlegri samkeppni og gildir þar sama lögmálið um einfaldar og samræmdar reglur.

Vinnumarkaður

Ein helsta forsenda fyrir uppbyggingu á svæðinu er aðgangur að vinnuafli. Eftirspurn eftir vinnuafli ræðst af því hvers konar starfsemi byggist upp. Verður eftirspurn eftir menntuðu vinnuafli eða verður meiri eftirspurn eftir starfsfólki með minni menntun?

Flutningur vinnuafls á milli landa hefur aukist verulega á undanförunum árum og Ísland er þar engin undantekning. Mun þessi þróun halda áfram? Verður jafn auðvelt að flytja inn fólk eða er hugsanlegt að fólk flytji til baka?

Aðgangur að réttu vinnuafli er mikilvægur þáttur fyrir fyrirtæki sem vilja stofna til starfsemi á svæðinu. Hvar er það vinnuafl í dag? Í hversu miklum mæli er hægt að mæta þessari þörf meðal núverandi íbúa?

Menntunarmál

Menntunarmál eru nátengd vinnumarkaðsumræðunni. Menntunarstig og -möguleikar móta samfélagsgerðina og hafa áhrif á vöxt og nýsköpun. Þetta dregur að fólk og eykur möguleika á búsetu. Það er mikilvægt fyrir uppbygginguna að menntun og sköpun atvinnutækifæra haldist í hendur. Nýir skólar og menntunartækifæri, samvinna skólastofnana og stuðningur stjórnvalda ýta undir þessa

þróun. Mikil þensla í atvinnulífi getur hins vegar dregið úr þróuninni. Of mikil eftirspurn eftir fólki með grunnmenntun dregur úr líkum þess að fólk sæki í lengra nám. Þetta getur svo dregið úr framþróuninni og nýsköpuninni þegar frá líður.

Samsetning samfélagsins

Samsetning samfélagsins hefur áhrif á þjónustu, samskipti fólks, stjórnmal, kröfur menningu og stéttaskiptingu. Vinnumarkaður og menntun hafa mikil áhrif á þessa þróun en samgöngumál, uppbygging heilbrigðisþjónustu, ímynd og fleiri þættir skipta einnig máli. Samfélagið á Reykjanesi er að ganga í gegnum miklar breytingar í kjölfar breytinganna á flugvallarsvæðinu. Þetta kallar á viðhorfsbreytingu hjá mjög mörgum og kann að valda breyttum áherslum og breyttri samsetningu samfélagsins þegar frá líður.

Aukin velmegun

Velmegun hefur aukist jafnt og þétt hér á landi undanfarna áratugi. Þetta hefur haft margvísleg áhrif, t.d. á neyslu, matarvenjur, bílaeign og ferðalög. Með tímanum skapar þetta líka viðhorfsbreytingu hjá heilum kynslóðum.

Ný kynslóð – ný viðhorf

Samfélagsbreytingar hafa að sjálfsögðu mótað þá kynslóð sem nú vex úr grasi. Sú kynslóð sem kemur út á vinnumarkaðinn á næstu árum hefur upplifað hraðari breytingar og meiri efnahagslega velmegun en nokkur kynslóð á undan. Þessi kynslóð er alin upp við fjölbreytta valkosti þar sem keppst er um hylli þeirra sem neytenda. Þetta er kynslóðin sem hefur alist upp með netinu og farsímanum og það hefur m.a. haft mikil áhrif á samskipti og hegðun. Meðal þess sem einkennir þessa kynslóð:


- ◆ Það er alltaf til annar valkostur, möguleikarnir eru “ótakmarkaðir”.
- ◆ Þess vegna er ekki nauðsynlegt að gera áætlanir.
- ◆ Taka ákvarðanir í ríkari mæli út frá tilfinningum en rökum.
- ◆ Það er hægt að halda virku sambandi við 300 vini – án þess að hitta þá í raunveruleikanum.
- ◆ Tölvupóstur og sími eru gamaldags og hægvirkar samskiptaaðferðir.
- ◆ Það skiptir ekki máli fyrir hvað maður verður frægur svo lengi sem maður vekur athygli.
- ◆ Það er ekki nauðsynlegt að leggja mikið á sig – ég fæ það sem ég vil hvort sem er.
- ◆ Minnkandi virðing fyrir skuldbindingum og samningum.

Breyttu samfélagi og velmegun fylgir nýjungagirnir sem skapar nýjar þarfir, nýja tísku og nýja markaði.

Gömul kynslóð - ný viðhorf

Samhliða þessu fer kynslóð vel stæðra eftirlaunaþega vaxandi. Þetta er kynslóð sem býr við góða heilsu og góðan efnahag. Stór hluti hefur mikla menntun og verðmæta starfsreynslu. Þessu fylgja líka ýmsar viðhorfsbreytingar:

- ◆ Tíminn verður verðmætari og viðhorf til vinnu og starfsferils breytist.
- ◆ Meiri áhersla á sjálfbæra þróun og umhverfismál, minni á neyslu.
- ◆ Skapandi hugsun verður verðmætari.
- ◆ Aukin ósk um að leggja eitthvað af mörkum í stað eftirsóknar eftir efnahagslegum gæðum.



Heimild: www.hagstofan.is


Aðrir mikilvægir drifkraftar sem nefndir voru á vinnufundunum:

- ◆ Náttúrutengd uppbygging fyrirtækja / Náttúrutengd ferðamennska
- ◆ Markaðssetning ímyndar
- ◆ Tæknistig og tengingar
- ◆ Stjórnmalastefna
- ◆ Fiskafli
- ◆ Stóriðjustefna
- ◆ Auðlindanýting
- ◆ Útrás fyrirtækja

Sviðsmyndir um framtíð flugvallarsvæðsins og nærsamfélagsins á Reykjanesi árið 2020


Þegar búið var að draga fram drifkrafta þróunarinnar, eins og fjallað var um í fyrri kafla, var þessum þáttum raðað eftir mikilvægi og óvissustigi að mati þátttakenda. Með þessum hætti voru dregnir fram mikilvægustu óvissuþættirnir. Nokkrir þættir skáru sig úr en á endanum voru tveir þeirra valdir til að mynda grunninn að sviðsmyndunum, svokallaðan sviðsmyndakross.

Þessir þættir eru: **Þróun í alþjóðasamgöngum** og **Efnahagsumhverfi**. Helstu óvissunni varðandi þessa tvo þætti má lýsa þannig:




Þessir tveir þættir mynda ásana í krossinum á eftirfarandi mynd og fást þá fjórar mismunandi myndir af hugsanlegri þróun.

Benda má á að nokkuð samhengi kunni að vera á milli þessara ása (og þeir séu jafnvel háðir hvor öðrum) þannig að hagstætt efnahagsástand í heiminum auki á samgöngur og ferðamennsku en við nánari skoðun töldu þátttakendur að færa mætti rök fyrir því að ferðamennska til landsins gæti aukist þótt efnahagsástandið og starfsskilyrði fyrirtækja hér á landi væru slæm (t.d. gæti mikil breyting í gengisvísitölu valdið þessu). Einnig mætti færa rök fyrir því að þótt efnahagsástand hér á landi væri gott þá gæti dregið úr ferðamennsku, t.d. vegna hás orkuverðs í heimum, hás verðlags á Íslandi og umhverfisgjalda á t.d. flugsamgöngur. Þannig töldum við að hægt væri að skapa fjórar hugsanlegar og trúverðugar lýsingar með samspili þessara þátta.



Hafa sviðsmyndirnar fjórar fengið eftirfarandi nöfn. Nánari umfjöllun og lýsing hugsanlegrar framtíðar fyrir hverja sviðsmynd er á næstu blaðsíðum.



Íslenskt hugvit

Forsendur: Sveiflur í efnahagslífi, háir vextir og skattar. Starfsskilyrði og samkeppnisstaða fyrirtækja er mjög óhagstæð. Fyrirtæki flytja starfsemi sína úr landi með tilheyrandi atgervisflóttu.

Áframhaldandi vöxtur í alþjóðasamgöngum og fjölgun ferðamanna til Íslands.

- Þegar fjarar undan útrásinni breyta menn áherslum í atvinnuuppbyggingu. Fjármálafyrirtækin draga ekki lengur vagninn og nú er röðin komin að hátækniyrirtækjum að standa undir nýsköpun. Undirstaða þessara fyrirtækja er sérstaða íslenska samfélagsins, hreinleiki, hollusta og heilbrigði. Frumkvæði og einstaklingsframtak hjálpast að við að leita nýrra leiða. Smæð samfélagsins hefur ýmsa kosti en gerir það jafnframt nauðsynlegt að leggja áherslu á gæði og hönnun frekar en magn.
- Ytri erfiðleikar þjappa mönnum saman og skerpa þjóðernisvitundina og Íslendingar taka ekki öllum erlendum gestum með opnum örmum.
- Aukin ferðamennska í heiminum heldur uppi stöðugri ásókn í Ísland en hátt verðlag kallar á að menn skapi sér sérstöðu og haldi upp hágæðabjónustu. Einn þeirra þátta sem standa undir fjölgun ferðamanna, er starfsemi tengd heilsu og heilbrigði og langlífi þjóðarinnar er notað í alþjóðlegri markaðssetningu.

Hremmingarnar sem dundu yfir efnahagslífið í ársbyrjun 2008 reyndust erfiðari og langlífari en menn töldu í fyrstu. Mikið verðfall á bönkum og öðrum stórfyrirtækjum kom ekki aðeins illa við stóra og smáa fjárfesta. Verðfallið á húsnæði, sem reyndar var mest á höfuðborgarsvæðinu, þurrkaði út sparifé margra og kom hart niður á þeim sem höfðu keypt sitt fyrsta húsnæði þegar uppsveiflan var í hámarki. Húsnæði lækkaði mun meira á höfuðborgarsvæðinu en á Reykjanesi og minnkaði munur á fasteignaverði á þessum tveimur þéttbýlissvæðum verulega.

Þegar bankarnir tóku ekki lengur við öllu efnilegu fólki sem útskrifaðist úr háskólanámi, opnuðust ný tækifæri fyrir önnur og gjarnan minni fyrirtæki til að ná í hæft starfsfólk. Þegar frá leið leysti þetta úr læðingi sköpunarkraft og hugvit sem varð undirstaða nýs vaxtarskeiðs.

Horft til baka

Vöxtur og velgengni hefur heldur betur reynt á þolrif íslensku þjóðarinnar. Þjóðfélagið hefur gengið í gegnum miklar sveiflur og ekki hefur alltaf tekist jafn vel að laga sig að breyttum aðstæðum. Alþjóðavæðingin hefur verið í algleymingi og þótt mikið hafi verið gert til að búa í hagin fyrir útrásarfyrirtækin hefur ekki tekist að koma í veg fyrir að mörg þeirra, sérstaklega fjármálafyrirtækin, flytji úr landi. Það má kannski segja að Evrópusambandsaðildin hafi komið of seint til að koma í veg fyrir það enda fyrsti bankinn þá þegar kominn í meirihlutaeigu erlendra fjárfesta.

En það er mikið í deiglu og önnur fyrirtæki hafa leyst bankana af hólmi. Stjórnvöld og einkaaðilar hafa lagst á eitt á undanförunum árum að efla nýsköpun og þróunarstarf. Reyndar hefur tekið nokkurn tíma að koma þessum breytingum á og skólakerfið hefur ekki náð að þróast í takt við þessar

breytingar. Þess vegna má segja að margir nýútskrifaðir háskólanemar eigi í vandræðum með að nýta menntunina á sama tíma og það vantar sérfræðinga á ýmsum sviðum. Sérfræðingaskortinum hefur verið mætt að einhverju leyti með innflutningi en það hefur ekki allt heppnast vel.


Íslenskt hugvit

Efnahagsástandið í heiminum hefur verið fremur erfitt undanfarin ár og útrásartækifærunum hefur fækkað verulega. Þannig hefur verið vaxandi þrýstingur á stjórnvöld að mæta þessum hremmingum með stuðningsaðgerðum. Meðal annars hafa verið settar á stofn nýjar markaðsskrifstofur í helstu viðskiptalöndum okkar.

Hins vegar hefur vöxturinn haldið áfram á sumum sviðum. Ferðamannastraumurinn hefur haldið áfram að vaxa ár eftir ár og ferðamenn í fyrra (2019) voru yfir 900 þúsund annað árið í röð. Þetta hefur leitt til mikillar aukningar í flugsamgöngum til og frá landinu. Umhverfiskröfur hafa leitt til stórfelldrar endurnýjunar á flugflota heimsins og mikið hefur áunnist í þeim málum.

Evrópusambandsaðildin hefur veitt Íslendingum aðild að fjármagni til uppbyggingar í samgöngumálum og fyrsta framkvæmdin sem fjármögnuð var með þeim hætti var rafknúinn einteinungur milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar. Þessi framkvæmd, samhliða tengingu við þétt net strætisvagna á báðum endum, hefur gjörbylt samgöngum við flugvallarsvæðið. Þannig tekur lestaferðin milli Öskjuhlíðar og flugstöðvarinnar einungis 17 mínútur að meðtöldu stuttu stoppi í Hafnarfirði.


Þetta hefur enn orðið til þess að efla flugstarfsemina á Keflavíkurflugvelli og upp eru komnar áætlanir um stækkun flugstöðvarinnar og flugsvæðisins. Fjölgun nýrra áfangastaða og flugfélaga sem halda upp flugi til Íslands hefur hins vegar orðið til þess að nýting flugstöðvarinnar er orðin jafnari yfir sólarhringinn.



Það hefur náðst mikill árangur í að auka tekjur Reyknesinga af ferðamönnum með nýjum afþreyingarveitinga- og gistimöguleikum. Tekist hefur að byggja upp margvíslega þjónustu tengda heilsu og heilbrigði og margskonar þjónusta tengd lífsstíllssjúkdómum og mataræði hefur skotið upp kollinum.

Það er ekki bara hreint loft og vatn sem laðar að heilsuferðamenn. Tekist hefur að markaðssetja íslenskar fiskafurðir sem sérstaklega heilnæmar og á Reykjanesi hafa menn verið í forystu vinnslu tilbúinna rétta sem eru sérsniðnir að þessari heilsuþylgju. Það má segja að orðtakið „small is beautiful“ hafi öðlast nýja merkingu. Eftir áratugi með stóra matarskammta hefur þróunin snúist við og núna eru það gæðin en ekki magnið sem allt snýst um. Mikið er lagt upp úr því að þær kaloríur sem menn innbyrða séu ekki bara bragðgóðar heldur heilnæmar og jafnframt augnayndi. Sumir eru tilbúnir til að borga nánast hvað sem er fyrir úrvalsvöru. Eitt þeirra fyrirtækja sem náð hefur miklum árangri á þessu sviði er Bitastætt hf. sem selur bitastóra matarskammta (Bonzei-mat) er hafa verið vinsælir meðal flugfarþega sem fara um völlinn og farið er að flytja út með flugi til nágrannalanda okkar. Þessi starfsemi hefur líka orðið lyftistöng fyrir ýmis önnur smáfyrirtæki, allt frá hönnuðum til næringar- og líftækniþræðinga.

Íslenskt hugvit



Þessi vöxtur hefur ekki bara laðað að ferðamenn. Innflutningur á starfsfólki hefur verið nauðsynlegur til að manna fjölmörg þjónustustörf. Mestur innflutningur hefur verið frá Asíulöndum og margir innflytjendur hafa stofnað eigin fyrirtæki og þannig er flóra veitingastaða orðin mjög fjölbreytt.

Þessi mikli innflutningur hefur breytt ásýnd samfélagsins á Reykjanesi. Meðalaldur hefur farið lækkandi og menntunarstig hefur hækkað en meðaltölin fela hinn mikla mismun sem er á innfæddum Reyknesingum og aðfluttum. Það er krefjandi verkefni að fá þessa ólíku hópa til að búa í sátt og samlyndi en mikið hefur verið unnið í skólamálum og fjölbreyttri félagsstarfsemi til að stuðla að góðu sambyli þessara ólíku hópa.

Samstarf sveitarfélaga á svæðinu hefur verið mjög öflugt og í sérstökum kosningum vorið 2014 samþykktu íbúar allra sveitarfélaganna á Suðurnesjum að sameinast í eitt öflugt sveitarfélag. Þessi sameining sem kom að fullu til framkvæmda eftir



sveitarstjórnarkosningarnar 2014 hefur auðveldað allt skipulag á svæðinu og hefur náðst góður árangur í skipulagsmálum á Reykjaneskaganum. Hið nýja sveitarfélag er hið næst fjölmennasta á Íslandi með (34.000) íbúa (1. desember 2020).

Íslenskt hugvit

Samstarfið hefur líka auðveldað þá miklu uppbyggingu á heilsuþjónustu sem orðið hefur á svæðinu. Það reyndist nánast ótæmandi markaður fyrir þjónustu tengda offituvandamálum vesturlandabúa. Í samstarfi opinberra aðila og einkafyrirtækja tókst að þróa nýjungar í meðferð offitu og tengdra sjúkdóma og sumir vilja kalla þessa tegund heilbrigðisþjónustu hina nýju stóriðju Íslendinga. Nú er talið að hingað komi um 50.000 ferðamenn á ári fyrst og fremst í þeim tilgangi að nýta sér þetta heilsutilboð.

Samfara þessu hafa vinsældir Bláa lónsins haldið áfram að aukast. Helsta vandamálið hefur verið að mæta eftirspurninni þannig að nú er verið að ljúka enn einni stækkun lónsins og byggingu þriðju þjónustubyggingarinnar, þar sem ný og fullkomin aðstaða bætir úr brýnni þörf. Heilsuvörur eru líka gífurlega eftirsóttar og það er hluti ímyndar byggingarinnar að sýna gestum framleiðsluna og bjóða þeim sérsniðna heilsuvörupakka.



Nokkrir mikilvægir viðburðir:


- 2008 Samstaða næst um uppbyggingu á svæðinu
Keilir, miðstöð vísinda og fræða vex
Innri naflaskoðun
- 2009 Kappakstursbraut
Nýtt sjúkrahús á Vallarheiði
Stækkun flugstöðvar, hótél og þjónusta í kring vex
- 2010 Innflutningur offitusjúklinga hefst fyrir alvöru
- 2012 Samruni sveitarfélaganna samþykktur
- 2014 Mikil aukning í íslenskum smáiðnaði
- 2016 Lækning fundin við Psoriasis, einkaleyfi til 10 ára (rannsóknasamstarf HSS og Keilis)
- 2016 Lækningamiðstöð tengd Psoriasis vex enn
- 2018 Stækkun flugstöðvar
- 2019 Íslenskur vísindamaður fær Nóbelsverðlaun í læknisfræði.
Mikil ásókn í offituaðgerðir
Tvöföldun sjúkrarýma á sjúkrahúsinu

Íslenski draumurinn

Forsendur: Almennur uppgangur í efnahagsmálum og áframhaldandi aukning í ferðamennsku og alþjóðasamgöngum setja mark sitt á samfélagið.

- *Mjög hagstætt samkeppnisumhverfi laðar fjárfesta til svæðisins og í alþjóðlegu háskólaumhverfi svæðisins blómstrar fjölmenningarsamfélag. Flugvöllurinn hefur tekið við innanlandsflugi og þetta hefur fært þungamiðju höfuðborgarsvæðisins í áttina að Reykjanesi. Á svæðinu eru tvö sveitarfélög sem starfa saman að mörgum málum en eiga líka í innbyrðis samkeppni. Fólki hefur fjölgað mikið, sérstaklega með innflutningi á vinnuafli.*
- *Þrátt fyrir tímabundnar lægðir í efnahagslífinu hefur íslenska þjóðfélagið búið við nokkuð samfelldan hagvöxt undanfarna tvo áratugi. Þótt vaxtarhraðinn hafi verið heldur minni á fyrstu árum aldarinnar, hafa ný fyrirtæki bæst í hóp útrásarfyrirtækjanna á hverju ári.*
- *Stjórnvöld hafa kappkostað að styðja við þessa þróun en jafnframt hefur verið unnið að því að fá hingað erlend fyrirtæki og skapa þannig aukna fjölbreytni í atvinnulífinu og fleiri tækifæri fyrir hámenntaða einstaklinga. Þar hefur bæði verið beitt skattalækkunum og beinum stuðningi við þróun nýrra viðskiptahugmynda.*


Aukin umsvif í alþjóðaviðskiptum og sívaxandi vinsældir Íslands sem ferðamannalands hafa haldið uppi stöðugum vexti í ferðalögum milli landa og nú eru erlendir ferðamenn að nálgast 700 þúsund á ári. Viðskiptaferðir hafa margfaldast á síðustu árum og ferðalög Íslendinga eru síst minni en áður.



Þetta hefur aukið álagið á flugvallarsvæðið til muna og þar hefur orðið mikil uppbygging. Þar má sérstaklega nefna Íshöllina, flugstöð í einkaeigu, sem opnaði árið 2012. Þremur árum seinna var hún stækkuð til að hýsa afgreiðslu innanlandsflugs sem flutt var til Keflavíkur haustið 2015. Þetta hefur svo aftur kallað á verulega meiri bílaumferð milli Reykjavíkur og Reykjaness. Þrátt fyrir að tveir aðilar kepptu nú um að flytja flugfarþega og ferðatíðnin sé mjög mikil, hefur umferð einkabíla aukist svo

mikið að nú er rætt um að bættu enn einni akrein við Reykjanesbrautina og gefa rútum og leigubílum forgang að henni. Bílastæðaskortur hefur líka verið nokkuð vandamál á flugvellinum, en bílastæðahús hafa bætt úr versta skortinum.

Íslenski draumurinn




Hinn mikli vöxtur flugvallarins og vaxandi ferðatími milli hans og höfuðborgarinnar hefur ýtt undir þá þróun að fyrirtæki flytji starfsemi sína nær flugvellinum. Þetta á bæði við um íslensk fyrirtæki og aðalstöðvar erlendra fyrirtækja sem hafa flutt hingað til lands eða hyggjast gera það.

Verslunarstarfsemi hefur aukist á svæðinu og fyrir skömmu fagnaði Factory Outlet verslanamiðstöðin 10 ára starfsafmæli sínu.

Þetta hefur aftur leitt til aukinnar búsetu en síðasta áratug hefur íbúum á Reykjanesi fjölgað um u.þ.b. 800 íbúa á ári. Helming fjölgunarinnar má rekja til háskólasamfélagsins á svæðinu. Samkeppni sveitarfélaganna tveggja hefur ýtt undir þessa fjölgun og hafa þau átt fullt í fangi með að byggja upp þjónustu við íbúana. Þar hefur þó munað mikið um að tekist hefur gott samstarf við fyrirtæki sem setjast að á svæðinu þess efnis að þau styðji við uppbyggingu sveitarfélaganna og þjónustunnar með beinum hætti, gjarnan með því að taka sjálf að sér fjármögnun og/eða rekstur einstakra þátta.

Atvinnuástandið hefur verið gott og í raun hefur frekar vantað fólk í byggingastarfsemi. Tilkoma alþjóðlegra fyrirtækja hefur sett svip sinn á samfélagið. Margir starfsmanna (gjarnan hámenntaðir sérfræðingar) eiga börn á skólaaldri og gera kröfu um að börnin fái alþjóðlega menntun í hæsta gæðaflokki. Starfsmenn alþjóðafyrirtækjanna hafa heldur ekki í hyggju að setjast hér að til lengri tíma. Þeir hafa því takmarkaðan áhuga á að tengjast samfélaginu mjög sterkum böndum þar sem flestir þeirra búa hér aðeins í 3 til 5 ár. Þetta veldur tilhneigingu til einangrunar þessa fólks frá „heimamönnum“.



Það er reyndar einkenni á öllu samfélaginu á Suðurnesjunum að það skiptist mikið í tvo hópa þar sem sveitarfélögin tvö á (sumir tala um tvær þjóðir) keppa sín á milli um hylli fólks, ýmist út frá efnahag þess eða menntun og þannig má áfram telja. Vaxandi togstreita er milli Reykjanes og höfuðborgar-svæðisins, sem er farið að sjá alvarlegan keppinaut í sveitarfélögunum kringum flugvallarsvæðið, samkeppni í flugstöðvarrekstri og annarri samgöngubjónustu fylla svo upp í þessa mynd. Um leið og samkeppnin leysir úr læðingi mikla orku og nýtingu tækifæra þá gerir hún jafnframt heildstæðri uppbyggingu erfitt fyrir og samfélagið ber af þeim sökum nokkur merki togstreitu og spennu.

Þessi orka birtist í öflugri menningarstarfsemi sem hefur á sér alþjóðlegan blæ. Öll aðstaða til menningarstarfsemi er mjög góð og það er sífellt minna um það að íbúarnir sækji inn til höfuðborgarinnar á leik-eða listsýningar.

Það er að sama skapi mikil framleiðsla á menningarefni á flugvallarsvæðinu. Kvikmyndagerð og margmiðlunar starfsemi hafa fengið þar öfluga miðstöð og tvær stórmyndir sem framleiddar hafa verið þar á síðustu árum hafa verið tilnefndar til Óskarsverðlauna fyrir tæknivinnslu.

Nokkrir mikilvægir atburðir:

- 2008 Keilir útskrifar fyrstu nemendurna
- 2009 Netþjónabú hefur starfsemi sína
- 2010 Keilir myndar Heilsu-, orku- og öryggisklasa
Netþjónabú
Lúxus grunnþjónusta
- 2011 Sameining sveitarfélaga
Fyrsta stórmyndin framleidd
- 2012 Nýjar lausnir í flugsamgöngum
Alþjóðleg fraktmiðstöð
- 2018 Flugvöllur tvöfaldast, innanlandsflug til Keflavíkur
- 2020 Ferðamenn 700 þúsund
Risamynd framleidd
Höfuðstöðvar fimm alþjóðlegra fyrirtækja á flugvallarsvæðinu

Verstöðin

Forsendur: Sveiflur í efnahagslífi, háir vextir og skattar. Starfsskilyrði og samkeppnisstaða fyrirtækja er mjög óhagstæð. Fyrirtæki flytja starfsemi sína úr landi með tilheyrandi atgervisflóttu. Samdráttur í alþjóðasamgöngum og fækkun ferðamanna til Íslands.

- *Frumatvinnuvegir eru grunnurinn að samfélaginu. Einsleitni í atvinnu og kraftar nýsköpunar dvína. Atgervisflótti. Einangrun frá alþjóðlegu umhverfi. Kreppa í efnahagslífi.*
- *Félagsleg vandamál aukast og setja mark á samfélagið.*
- *Aukin miðstýring – Bjargráðasjóður hinn nýi stofnaður.*
- *Aukin þjóðnýting og vald stjórnámamanna eykst.*

Leitað er eftir nýjum lausnum en oft verða gömul úrræði þrautalendingin. Þjóðleg einkenni fá að njóta sín. Bætt nýting – minni sóun og nýtt verðmætatmat. Aukin samheldni einkennir samfélagið og fjölskyldan fær aukið vægi. Leitað er eftir heildstæðari lausnum viðfangsefna þar sem tekið er tillit til ólíkra atriða.

Svæðið byggist upp á grunnatvinnuvegunum. Nálægð við miðin gerir svæðið áhugavert – samkeppnishæfni svæðisins eykst í samanburði við önnur svæði á landinu. Mikilvægi vallarins gæti aukist út frá hernaðarlegu mikilvægi vegna aukinnar baráttu um auðlindir í heimskreppu.

Keflavíkurstöðin 2020

Stundum mætti halda að þetta hefði allt verið draumur. Útrásin, bjartsýnin og efnahagsleg velferð sem átti sér fáa líka. Ef veðrið hefði ekki breyst svona mikið er ekki víst að menn sæju mikinn mun á samfélaginu á Keflavíkurflogvelli núna og fyrir 15 árum. Auðvitað hefur margt breyst og starfsemin á flugvallarsvæðinu hefur vissulega haft mikil áhrif. Þegar frá leið reyndist uppsveiflan kannski ekki eins mikil og menn höfðu haldið og það er ekki frá því að gömul viðhorf um stjórnarhætti og afskipti stjórnámamanna séu farin að heyrast í ríkari mæli en áður.

Ástandið í heimsmálunum hefur líka vakið upp gamla drauga og kaldastríðshugsunarhátt. Eftir að Putin tók aftur opinberlega við völdum í Rússlandi 2012 fór að bera á umræðu um að rússneski björninn væri vaknaður af vetrardvalanum og nú þegar Putin er búinn að breyta rússnesku stjórnarskránni til að tryggja sig í sessi er farið að fara um suma Vesturlandabúa. Í krafti olíu- og gasauðlinda sinna hafa Rússar aukið völd sín og áhrif á heimsvísu og sterkur efnahagsvöxtur hefur staðið undir mikilli hernaðaruppbyggingu.


Hins vegar hefur myndin aðeins breyst vestan megin. Bandaríkjamenn hafa dregið verulega úr sínum hernaðarmætti til að mæta auknum kröfum um heilbrigðis- og almannatryggingar. Hins vegar hefur samruni NATO og EU lagt grunninn að Evrópuhernum sem nýlega opnaði formlega bækistöð (í tengslum við höfuðstöðvar Öryggis- og varnamálastofnunar) á flugvallarsvæðinu. Margir horfðu til austurlanda og sérstaklega Kína sem nýs forystuafis og mótvægis við valdabrölt Rússa, en undanfarin

ár hefur dregið verulega úr hagvextinum í Kína vegna skorts á vinnuafli og kostnaðarhækkana. Þessar kostnaðarhækkanir hafa smitast út um allan heim og dregið úr almennum hagvexti.

Margt hefur verið gert í uppbyggingu á flugvallarsvæðinu en segja má að bæði ytri og innri skilyrði hafi verið óhagstæð fyrir þróunina undanfarin ár. Loftslagsbreytingar hafa haft veruleg áhrif á lífríkið og allt samfélag í heiminum. Það hefur þó ekki allt verið neikvætt. Til dæmis hafa fiskveiðar og vinnsla verið að rétta úr kútnum undanfarin ár eftir að hrun þorsstofnsins var nærri búið að ganga af útgerðinni dauðri. Nýjar fisktegundir hafa komið inn á Íslandsmið og tilraunir með fiski- og skeldýrarækt eru nú loksins að skila árangri enda er fiskverð nú svo hátt að það réttlætir miklar fjárfestingar, bæði í framleiðslu og flutningakerfi. Þó hefur sú viðhorfsbreyting átt sér stað í samfélaginu að þótt hugsunarháttur veiðimannsins sé enn mjög ríkur í þjóðinni, þá hafa menn áttað sig betur á því hvað það þýðir að viðhalda stofnum og meiri áhersla er lögð á að vegalengdin sem aflinn fer frá því hann er veiddur, þar til hans er neytt, sé sem styst.

Menn hafa líka náð góðum tókum á því að nýta allar afurðir sjávarfangsins og framleiðsla á ýmsum (líf)efnavörum lofar góðu. Það er helst að menn óttist að Kamtsjatka-krabbinn geti valdið usla en eldi á honum var hugsað sem björgunaraðgerð af hálfu stjórnvalda þegar sjávarútvegur á Reykjanesi var að leggjast af. Krabbinn hefur reynst erfiður því hann þrífst mjög vel og þeir krabbar sem sluppu út fyrir eldissvæðin hafa fjölgað sér mikið. Óttast er að hann eyði öðrum tegundum, eins og gerst hefur hjá nágrennalöndum okkar, og það er vaxandi þrýstingur á að Krabbaeldi ríkisins leggi niður starfsemi sína.

Álverið í Helguvík var mikilvægt mótvægi gegn samdrættinum í lok fyrsta áratugar aldarinnar og það hefur skapað mörg störf, sérstaklega fyrir iðnaðar- og tæknimenn auk annarra stétta, og er talið að með afleiddum störfum hafi um 1.000 fjölskyldur framfæri sitt af álverinu. Þrátt fyrir vaxandi kostnað við kaup á kolefniskvótum hefur hátt orkuverð á heimsmarkaði og eftirspurn eftir áli tryggt góðan rekstrargrundvöll fyrir álverið. Þó er enn deilt um loftslags- og ímyndaráhrif álvera fyrir Íslendinga og telja sumir að hægt hefði verið að skapa jafnmörg störf tengd ferðaþjónustu og öðrum greinum, ef aðrar áherslur hefðu ríkt í atvinnuuppbyggingu.




En loftslagsbreytingarnar hafa líka komið niður á fluginu. Þrátt fyrir mikla endurnýjun á flugflota og mun umhverfisvænni flugvélar hefur dregið úr flugsamgöngum síðustu ár. Á meginlandi Evrópu hafa lestarsamgöngur leyst flestar styttri flugleiðir af hólmi og það þykir ekki lengur „fint“ að fljúga í stutt frí. Ferðamenn sem nota flugvélar dveljast lengur en áður en þeir eru að sama skapi færri. Það hefur einnig dregið úr viðskiptaferðum og þar leggjast á eitt viðhorfsbreytingar, tækniþróun, lítill hagvöxtur og hár kostnaður við kolefniskvóta. Hluti af flugumferðinni hefur líka færst yfir á skip. Skipakomum hefur því fjölgað, bæði flutninga- og skemmtiferðaskipa. Samdrátturinn í fluginu hefur komið hart niður á flugfélögum, sum hafa orðið gjaldþrota en önnur tekin yfir af keppinautum.


Menn greinir á um hvort það hafi áhrif á ímynd Íslands og ásókn ferðamanna að við höfum reynt að forðast alþjóðlegar skuldbindingar og sótt hart að fá undanþágur frá öllum kröfum í tengslum við umgengni við náttúruna. Það á ekki bara við um losun á kolefni, því nú er farið að skoða hvaða áhrif hvers kyns neysla hefur til dæmis á vatnsbúskap heimsins, jarðnýtingu og lífríkið almennt.

Íslendingar hafa því heldur færst fjær hringiðu heimsmálanna undanfarið. Ómarkviss viðbrögð stjórnvalda við efnahagsveiflum og samdrætti og erfiðleikar vegna óstöðugs gengis, ýttu undir brottflutning margra stórfyrirtækja og vilji þeirra til að taka þátt í uppbyggingu og fjármögnun verkefna og viðskiptatækifæra á Íslandi hefur dvínað verulega.

Þegar harðna fór á dalnum snérist stjórnmalavindarnir nokkuð og almenningur gerði meiri kröfur til stjórnvalda um úrlausn ýmissa vandamála. Byggðastofnun hefur verið endurreist og tvíflöð og staðbundnar „viðnámsaðgerðir“, hreppapólitík og gæluverkefni eru nú ofarlega í þjóðfélagsumræðunni. Jafnvel hafa heyrst kröfur um „græna“ stóriðju á svæðum sem hafa orðið fyrir miklum samdrætti. Mikil áhersla hefur verið um hagræðingu í opinberum rekstri og hefur verið gengið nokkuð hart fram í sameiningu sveitarfélaga.



Sá mikil fjöldi innflytjenda sem kom hingað upp úr aldamótunum hefur nú að stórum hluta flutt til baka. Aukin velmegun í gamla heimalandinu, erfiðari efnahagsaðstæður á Íslandi og í kjölfar þess minni ásókn í að ráða útlendinga í vinnu, hafa snúið flutningsstraumnum við. Erfiðlega gengur að halda í vel menntaða Íslendinga sem ekki fá störf við hæfi.



Nokkrir mikilvægir atburðir:

- 2010 Höfuðstöðvar bankanna flytja úr landi
- 2011 Gangsetning álvers í Helguvík
- 2012 Fuglaflensa kemur til Evrópu en Ísland sleppur
- 2013 Gjaldprot helstu flugfélaga – stjórnvaldsaðgerðir
- 2015 Uppbygging á sviði hermála – Evrópska herdeildin
- 2016 Útflutningur á fuglakjöti hefst (Grindafugl)
- 2018 Þjóðarsáttarsamningar milli atvinnulífs og stjórnvalda
- 2019 Síðasti áfangi ríkisrekens netþjónabús opnaður
- 2020 Vistfiskur opnar nýja hátæknifiskvinnslu

Dehli norðursins

Forsendur: Mjög hagstætt samkeppnisumhverfi sem laðar að fjárfesta til landsins. Uppbygging fyrirtækja sem eru í fararbroddi á heimsvísu og laða að sér fjármagn og hæfileikafólk. Samdráttur í alþjóðasamgöngum og fækkun ferðamanna til Íslands.

- Þrátt fyrir jákvæða þróun í efnahagslífi í heiminum almennt hefur dregið talsvert úr samgöngum. Vegna umhverfisáhrifa hafa verið sett takmörk á flugumferð í heiminum og þetta veldur fækkun ferðamanna til Íslands. Þeir ferðamenn sem hingað koma gera mjög miklar kröfur til þæginda og öryggis.
- Innanlandsflug hefur lagst niður á Íslandi en samgöngur á landi og sjó hafa verið eflaðar. Bráðnun íss á Norðurpólnum hefur opnað nýja siglingaleið og skipaferðir kringum Ísland hafa aukist verulega.
- Mikil uppbygging hefur verið í fjarskipta- og samskiptatækni bæði innanlands og við útlönd. Íslendingar hafa komið sér upp mikilli sérþekkingu á þessu sviði.
- Afskekkt lega landsins hefur „ýtt“ höfuðstöðvum stórfyrirtækja til útlanda. Eftir sitja „back-office“ störf og starfsemi sem nýtir sér fjarskiptatæknina.

Samdráttur í flugsamgöngum Íslendinga

Kröfur til flugfélaga um kaup á kolefniskvótum á árunum 2008 og 2009 skiluðu ekki tilætluðum árangri og gripið var til harðari aðgerða til að draga úr flugumferð í heiminum. Fyrst ber að nefna stórauðnar áherslur á lestarsamgöngur bæði í Bandaríkjunum og Evrópu. Nú er svo komið að járnbrautir hafa leyst flugvélar af hólmi á öllum styttri leiðum (þar sem áður var u.þ.b. klukkutíma flug). Í framhaldi af því voru gerðar alþjóðasamþykktir um takmörkun flugumferðar á öllum leiðum styttri en 2.000 km. Þetta hafði veruleg áhrif á flugsamgöngur til Íslands og nú er svo komið að aðeins er flogið til 6 borga í Evrópu og einungis til New York í Bandaríkjunum. Há leyfisgjöld ásamt loftslagskvótum hafa gert það að verkum að verð á flugferðum hefur fimmfaldast á tíu árum og nú kostar ódýrasti flugmiði til London um 100.000 krónur. Minni ferðatíðni hefur kallað á stærri flugvélar og jafnframt á talsverðar fjárfestingar hjá flugfélögum og breytingar á mörgum flugstöðvum. Mikill samruni hefur orðið meðal flugfélaga og stóru félögin hafa gleypst mörg hinna smærri. Þannig eru nú fimm flugfélög á Evrópumarkaði sem skipta markaðnum nánast á milli sín.




Þetta hefur haft mikil og að mörgu leyti afdrifarík áhrif á sókn ferðamanna til Íslands. Síðustu fimm ár hefur ferðamönnum fækkað verulega og eru þeir nú álíka margir og þeir voru um aldamótin. Þessi þróun hefur tekið nokkur ár og kom mönnum ekki verulega á óvart. Það hefur því tekist að auka verulega tekjur af hverjum ferðamanni og afkoma ferðaþjónustunnar hefur ekki versnað í takt við fækkunina. Þetta hefur kallað á nýjar áherslur og gæðakröfur hafa aukist mikið. Ferðamenn dveljast lengur í hverri ferð og stuttar ferðir í tengslum við menningaratburði á Íslandi, eða helgarferðir, hafa nánast lagst af. Þetta hefur skapað markað fyrir nýjungar í afþreyingu og eitt nýjasta tilboðið er neðansjávargarðurinn á Reykjanesi.

Nýtt fimm stjörnu spilavítishótel í Las Vegas stíl hefur líka opnað á Rockville og góðar viðtökur benda til þess að markaður sé fyrir 2-3 slík hótél til viðbótar og jafnvel megi tengja þau nýrri ráðstefnumiðstöð. Þó benda efasemdamenn á að það hafi verið farið í ýmis verkefni að illa athuguðu máli og sífelldur eltingaleikur við nýjustu dægurflugur hafi skilið eftir sig minnisvarða á fleiri stöðum.



Viðskiptaferðum hefur einnig fækkað en þó heldur minna. Áætlunarflug innanlands lagðist nánast af þegar Reykjavíkurflugvelli var lokað fyrir tveimur árum og nú fer allt innanlands- og millilandaflug (bæði áætla- og einkaflug) um Keflavíkurflugvöll. Í framhaldi af þessu hafa samgöngur milli Reykjanes og Reykjavíkur verið stórefldar og nú stýttist í að tekinn verði í notkun einseinungur milli flugstöðvarinnar og Smáralindar. Einteinungurinn er sinn fyrsti sinnar tegundar hér á landi og hefur verið mikið baráttumál sveitarstjórnarmanna á Reykjanesi. Það er eitt af fáum málum sem alger samstaða hefur náðst um enda spillir ekki fyrir að það er nokkuð sjálfgefið hvar best sé að leggja sporið.



Þessi þróun hefur að sjálfsögðu haft mikil áhrif á samskipti fólks og verið sterkur hvati að stórstíguum framförum í rafrænum samgöngum. Íslendingar hafa búið sig undir þetta með lagningu sæstrengja bæði austur og vestur um haf og hefur netvæðing innanlands haft forgang. Íslendingar hafa verið mjög fljótir að tileinka sér nýja tækni og nýjar samskiptaaðferðir og hér fer nú fram bæði öflug þróunarstarfsemi og rekstur á samskiptabúnaði og tölvukerfum sem þjóna mörkuðum um allan heim. Þessu tengt er ýmis margmiðlunarstarfsemi og framleiðsla á afþreyingar- og fræðsluefni til rafrænnar dreifingar á alþjóðamarkaði. Eitt dæmi um slíka nýsköpun er samruni tölvuleikjafyrirtækis og sparisjóðs fyrir nokkrum árum en brátt mun hið nýja fyrirtæki kynna næstu kynslóð sýndarveruleikahugbúnaðar.

Þetta hefur dregið að alþjóðleg fyrirtæki á þessum sviðum og skapað fjölda starfa á þeirra vegum. Það hefur ekki verið auðvelt að manna öll störf sem boðist hafa fyrir margs konar sérfræðinga og því hefur verið mikill þrýstingur á að byggja upp sérfræðináðm í samstarfi við þessa aðila. Það er ekki eingöngu sérfræðilekkingin sem dregur erlendu fyrirtækin til Íslands, aðgangur að hreinni orku vegur þungt svo og jákvæð ímynd landsins og lega þess. Fyrirtæki frá Asíu, sérstaklega Indlandi, hafa verið áberandi í þessum hópi og hafa fjölmargir Indverjar flust til Reykjaness. Þeir hafa sett svip sinn á samfélagið með margvíslegum hætti og hefur oft reynt á þolrifin hjá þeim íbúum sem fyrir eru þegar mæta þarf nýjum viðhorfum, siðum og venjum.




Það hefur ekki orðið neitt friðvænlegra í heiminum á síðustu árum og þótt Ísland sé fjarri átakasvæðum, þá hefur það ekki farið varhluta af þróun mála í Rússlandi og hafa stórauðnar skipaferðir Rússa í Norðurhöfum aftur beint athyglinni að hernaðarlegri legu landsins. Innanlands hefur aukin glæpatíðni kallað á eflingu löggæslu og efnuðum ferðamönnum sem hingað koma er mjög annt um öryggi sitt. Þetta hefur eflt alla þá starfsemi sem lýtur að eftirliti og öryggisgæslu og nær sú starfsemi líka yfir hin öflugu tölvukerfi sem halda uppi miklu af samskiptum milli landa og landshluta.

Það hefur aðeins valdið mönnum áhyggjum að þrátt fyrir mikla fólksfjölgun og uppbyggingu á Reykjanesi þá sé atvinnulífið heldur einhæft. Fjölskyldufólk vill gjarnan búa á svæðinu að því tilskildu að hægt sé að fá störf fyrir bæði hjónin. Það er ekki lengur talið boðlegt að þurfa að sækja vinnu til Reykjavíkur þótt samgöngur séu góðar. Sá mikli tími sem fer í ferðalög og umhverfisáhrif vegna samgangna vega nú þungt í ákvarðanatöku um búsetu. Talsverð hugarfarsbreyting hefur orðið meðal þjóðarinnar varðandi umhverfismálin og er fólk almennt meðvitaðra en áður um umhverfismál. Tekjur eru almennt háar en erfiðlega gengur að manna þjónustustörf og þau eru orðin allmörg þjónustustörf sem Íslendingar vilja ekki vinna. Mikið af störfum í ferðaþjónustu, samgöngum og opinberri þjónustu hafa því verið mönnuð með innfluttu vinnuafli.

Það hefur líka verið horft til þess að auknar skipaferðir vegna nýrra siglingaleiða yfir norðurpólinn gætu skapað ný og fjölbreyttari störf en sú umferð hefur ekki ennþá orðið að veruleika. Vöruflutningar hafa hins vegar færst að verulegu leyti yfir á skip og nú ríkir hörð samkeppni milli hafnanna á suðvesturhorninu um móttöku og afgreiðslu á hvers kyns inn- og útflutningi.

Það má heldur ekki gleyma orkumálunum. Þekking á nýtingu endurnýjanlegrar orku hefur verið eftirsótt víða um heim og skapað tækifæri fyrir Íslendinga. Nú bætist umhverfisáhugi við og fólk með sérmenntun á því sviði og vilja til að láta að sér kveða alþjóðavettvangi. Í framhaldi af lagningu sæstrengja fyrir tölvunet hafa menn nú farið að skoða möguleika á rafmagnsútflutningi um sæstreng.



Það hefur því ekki dregið úr fólksfjölgun á Reykjanesi síðasta áratug eins og sumir óttuðust. Þegar á árinu 2009 fór íbúatalan yfir 25.000 og síðan þá hefur fjölgunin numið að jafnaði um 1.000 íbúum á ári. Um þriðjungur þessarar fjölgunar eru námsmenn en nú stunda um 4.000 háskólanemar nám þar sem áður var herstöðvarsvæðið á Miðnesheiði. Það hefur tekist vel að laga menntunina að þeirri atvinnustarfsemi sem byggst hefur upp á svæðinu og mjög stór hluti námsmannanna sækist eftir búsetu á svæðinu að námi loknu þar sem vel er búið að ungum fjölskyldum, bæði atvinnu- og félagslega. Þetta hefur nánast valdið sprengingu í barnafjölda og er fæðingarhlutfallið á Reykjanesi þrefalt hærra en landsmeðaltalið. Á síðasta ári fæddust 612 börn á hinni splunkunýju fæðingardeild sjúkrahússins, þar af voru 43 börn af indverskum uppruna.

Nokkrir mikilvægir atburðir:

- 2008 Framtíðarskipulag svæðisins kortlagt
Lagning nýrra ljósleiðara
Þrengingar í alþjóðaflugi
- 2010 Samrunabylgja flugfélaga
- 2012 Flugkvótar settir á lönd – mikil aukning í lestarsamgöngum í nágrennalöndum
Undirbúningur að lagningu sæstrengs (rafmagns) hefst
- 2014 Ófriðarástand í heiminum - fólk sækist eftir öryggi
Íslenska friðarstofnunin hefur starfsemi
- 2018 Lagning sæstrengs hefst
Flug bundið við stærstu borgir
- 2020 Einteinungur milli Smáralindar og Keflavíkurflugvallar tekinn í notkun

Samanburðartafla

Heiti	Dehli norðursins	Íslenski draumurinn	Íslenskt hugvit	Verstöðin
Hvað er vandamálið í upphafi – Fókussinn í sögunni	Samdráttur í flugsamgöngum. Nýting tölvu- og upplýsingatækni. Skipaferðir aukast?	Útrásin heldur áfram. Vöxtur og uppbygging á öllum sviðum.	Fjarar undan útrásinni. Hugvit og framleiðsla leysir fjármagn af hólmi. Fólksflótti sérmenntaðra.	Efnahagssamdráttur vegna loftslagsbreytinga. Almennur samdr. Leitað til ríkisins um lausnir.
Hvað er “vandamálið” í lokin?	Nýting á tækifærum? Umhverfis- og öryggismál. Fólksflótti v/“einangrunar”.	Stóraukinn fjöldi innflytjenda - félagsleg/stéttskipt vandamál. Hluti af stórhöfuðborg. Skortur á menntuðu vinnuafli.	„Andstaða“ við innflytjendur. Takmörkuð vaxtartækifæri. Háð góðum samgöngum. Röng sérmenntun. Vannýtt sérþekking.	Einhæft atvinnulíf, afturhvarf til grunnatvinnuveganna. Basl og neikvæðni. Félagsleg vandamál. Fólksflótti vegna neikv. efnahagsumhverfis og „einangrunar“.
Hver er staða sveitarfélaganna á svæðinu?	Sameining ákv. sveitarfélaga.	Tvö sveitarfélög, starfa ekki mikið saman - berjast um hylli atvinnulífsins.	Eitt sveitarfélag á Suðurnesjum.	Hver að hugsa um sig. Sérhagsmunahópar.
Hver er afstaða stjórnvalda til svæðisins?	Áhersla á fjárfestingu í grunngerð.	Greiða fyrir vexti og ekki skipta sér mikið af. Einkavæðing flugvallarins.	Byggja upp menntun og rannsóknir.	„Gamla byggðastefnan“. Deila út fjármagn til ákv. verkefna.
Hverjar eru helstu þarfar stjórnvalda?	Byggja „minnisvarða“.	Missa ekki efnahagsmál úr böndunum – jafnvægi.	Ná endum saman. Efla rannsóknastarf. Markaðsstofur, báknið stækkar.	„Hreppa-pólitik“
Er skipulag svæðisins heildstætt?	Eltast við ný tækifæri (dægur-flugur). Nokkur samvinna.	Örar breytingar á aðalskipulagi. Elta „dægurflugur“. Minni samvinna aðila.	Heildstætt skipulag.	Sveitarfélögin þvinguð til samvinnu.
Hvaða hlutverki gegna erlendar reglugerðir og samningar?	Öryggis- og umhverfismál á alþjóðavettvangi.	Loftréðasamningar og ásókn í alla samninga sem efla verslun og viðskipti. Umhverfiskröfur / IKR og EVRA jafngild. Vald liggur hjá fyrirtækjum. Laga sig að alþjóðlegri samkeppni.	Ísland komið í ESB og fylgjum reglugerðaverki ESB.	Reynum að vera utan samninga.
Hver er þróunin í samgöngumálum?	Verulegur samdráttur í millilandaflugi. Innanlandsflug leggst af. Auknar skipaferðir. Stórbættar vegasamgöngur. Lestir innanlands.	Allt á fullu í fluginu. Takmarkaðar vegaframkvæmdir nema ákv. einkaframkvæmdir í vegamálum. Strætó milli flugvallar og höfuðborgar.	Blómleg flugstöð. Stækkun flugsvæðis. Bættar vegasamgöngur og hraðlest milli Rvk og Kef.	Lítill þróun í samgöngumálum.
Er innanlandsflugvöllur í Rvk?	Nei	Nei	Já	Já
Hvernig er skipaferðum háttað?	Mikil skipaumferð í kringum landið.	Blómleg viðskipti í kringum skipaflutninga.	Vöruflutningar og skemmtiferðaskip.	Útgerð meginliður í skipaumferð.
Hvernig er ástandið í veiðum og fiskvinnslu?		Ekki áhersla.	Áhersla á fullvinnslu sjávarfangs.	Mikil áhersla og þróun á matvælasviði.
Hvernig stendur menntakerfið á Íslandi?	Áhersla á tækni og orkumál.	Bankarnir taka allt - fjármálatengd fög.	Rannsóknir og þróun. Ræktun þjóðernis. Mikil endurmenntun.	Verknám eykst, tækifæri í umhverfismálum og heilbrigðistengdu námi.
Hvernig hefur útrásin gengið?	„Innrás“ – innflutningur.	Gengið vel.	Gengur vel með breyttum áherslum.	Gengur illa – bakslag.
Hvað gerist með ESB/EES?	EES + samningar við Asíulönd.	EES / NAFTA	Komnir í ESB.	EES og tvíhliða samningar við USA.
Hermál				Aukin aðstaða fyrir NATO v/Putin.

Heiti	Dehli norðursins	Íslenski draumurinn	Íslenskt hugvit	Verstöðin
Hver er staða Íslendinga í umhverfismálum á alþjóðavettvangi?	Erum með og sækjum fram með nýjar lausnir – tækifærin mikil.	Fylgjum kröfum markaðarins.	Spilum með á fullu – virkir og sýnum frumkvæði.	Reynum að forðast að taka á okkur skuldbindingar.
Hvernig er umhverfisvitund almennings?	Mikil – áhersla á orkumál.	Lítill (mengum og borgum).	Mikil - áhersla á heilsu og heilbrigði.	Neyðumst til að temja okkur umhverfisvitund.
Loftslagskvótar	Miklir – viljum selja.	Miklir – viljum kaupa.	Sjálfum okkur nógir.	Sjálfum okkur nógir.
Þróun stóriðju, fjöldi verkjana og álver	Græn stóriðja.	Minnkandi áhersla á álver eða atvinnusköpun.	Fækkun stóriðju, áhersla á þjónustu. Höldum því sem við höfum.	Krafa um stóriðju.
Annar iðnaður	Blómstrar (back-office vinnsla).	Atvinnusköpun erlendis frá Íslandi.	Blómstrar – einkum smærri fyrirtæki.	Gæluverkefni, annars lítið.
Eign orkufyrirtækja	Einkaeign – margir smáir. Erlend eignaraðild	Mikil einkaeign – fáir stórir	Hálf-opinber eign	Opinber eign
Húsnæði		Einkaaðilar selja mikið af húseignum á frjálsum markaði.		
Neysluhyggja	Mikil	Sterkust		Minnst
Heilsuvitund			Sterkust	
Þróun ferðamennsku		Mikil	Mikil	
„Samsetning samfélagsins“ á Reykjanesi (aldur, þjóðerni, menntun)	Samfélagsleg blöndun menntaðra aðila. Fjölmargir Indverjar – setjast að og taka þátt.	Ungir erl. A-Evrópu verkamenn. „Gettó“ samfélag (verbúðastemming). Hækkandi meðalaldur íbúa.	Jafnt streymi starfsmanna (Tælendingar í ferðaþjónustu) Asíu – veitingastaðir. Samfélagið yngist, hækkandi menntunarstig.	Hækkandi meðalaldur, einsleitt samfélag, lágt- og meðalhátt menntunarstig.
Innflutningur vinnuaflds	Mikill	Mikill	Minni	Lítill
Ríkjandi gildi í samfélaginu	Ásókn í öryggi. Eftirlit.	Peningahyggja, Áhættusækni. Virkja hugvit. Mikil menningarneysla.	Aukin þjóðernishyggja. Gildi menntunar.	Þjóðleg einkenni. Miðstýring. Minni sóun. Sníða sér stakk eftir vexti. Fjölskyldan mikilvæg (hinn gömlu gildi).
Á hvaða sérsviðum myndast möguleikar til klasamyndunar?	Samskipti/fjarskipti. Netþjónar. Ný orka. Afþreying. Samgöngur/öryggismál.	Afþreying.	Heilsa. (Endur)menntun. Líftækni.	Matvæli. Heilsa. Samgöngur/öryggismál.
Aðgengi að fjármagni	Gott aðgengi að áhættufjármagni.	Nægt framboð á fjármagni og mikill vilji til að taka áhættu.	Verulegur skortur á áhættufjármagni.	Ríkisstyrkir.

Myndun og starfsemi klasa

Í vaxandi alþjóðavæðingu er ljóst að landsvæði standa í samkeppni við önnur svæði, ekki bara í eigin landi heldur við svæði víðs vegar um heiminn. Samkeppnin gengur út á að skapa aðstöðu til viðskipta sem byggir á vinnuafli, tækni og þekkingu og ekki hvað síst að skapa umhverfi til nýsköpunar.

Einstök svæði þurfa því að skilja og skilgreina sérstöðu sína, vera tilbúin og hafa þor til að taka af skarið og skapa slíkt umhverfi. Þar sem slík vinna hefur verið unnin hefur skapast tengslanet og samstarf fyrirtækja og stofnana sem nefnt hefur verið klasar.

Í þekkingar- og sköpunarsamfélagi nútímans felst auður fyrirtækja í hugviti, skipulagi og samstarfi þeirra sín á milli. Klasafyrirkomulag gefur fyrirtækjum og öðrum aðilum, líkum sem ólíkum og af mismunandi stærðum, kost á að vinna saman án þess að til þurfi að koma samruni, yfirtaka eða aukinn fjárhagslegur styrkur. Ein af auðlindum hvers svæðis er geta þeirra sem þar búa til að vinna saman. Þetta hefur oft verið nefnt félagslegur auður. Ef þessi auðlind er nýtt gerir hún svæðum kleift að byggja upp slagkraft þar sem margir smáir aðilar geta unnið saman sem sterk heild.

Það hefur sýnt sig að þau samfélög sem mynda klasa eru þróuð samfélög sem leggja áherslu á þekkingu og nýsköpun til að ná leiðandi stöðu á tilteknum sviðum. Erlendis er mestur fjöldi klasa á tæknitengdum sviðum. Má þar nefna klasa í upplýsingatækni, lækninga- og hjúkrunarvörum, framleiðslutækni og líftækni. Jafnframt hefur verið sýnt fram á verulegan árangur svæða og fyrirtækja þegar aðilar frá hefðbundnum greinum atvinnurekstrar stofna til klasasamstarfs. Má hér nefna greinar eins og ferðaþjónustu og matvælaíðnað. Klasar byggjast gjarnan upp þar sem uppbygging þekkingar, vísindi og nýsköpun eru stór þáttur í stefnu stjórnvalda og sveitarfélög leika þar lykilhlutverk.